

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjúkraliðafélag Íslands
hins vegar**

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023 : Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali 1.

Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun, viðauka og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 14. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 3. apríl 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands, með fyrirvara um
samþykki félagsmanna

Aldis Magnúsdóttir
Jóhanna Elfrang
Bergþór D. Jónsson

Sandra B. Franks
Kristín Ólafsdóttir

**Bókun og verkáætlun
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjúkraliðafélags Íslands
hins vegar
dags. 3. apríl 2023**

Bókun 1

Þann 1. apríl 2023 tekur gildi breytt launatafla þar sem launaflokkar 26 og 27 verða felldir út úr eldri launatöflu. Ný launatafla stýttist því úr 41 launaflokki í 39. Launaflokkur 28 í eldri launatöflu verður því til jafns við launaflokk 26 í nýrri launatöflu. Starfsfólk sem raðaðist í niðurfellda launaflokka, þ.e. flokka 26 og 27 í eldri launatöflu, verða færðir í launaflokk 26 í nýrri launatöflu (sem var launaflokkur 28 í eldri töflu).

Starfsfólk raðast sem hér segir:

Launaflokkur í eldri launatöflu	Launaflokkur í nýrri launatöflu
26	26
27	
28	
29	27
30	28
31	29
32	30
33	31
34	32
35	33
36	34
37	35
38	36
39	37
40	38
41	39

Breytingar hafa ekki áhrif á aðra launaflokka en þá sem tilgreindir eru.

Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta.	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál er á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Orlofssjóður, ákvæði 4.9	2. maí 2023	31. maí 2023
Fatapeningar, ákvæði 8.2	2. maí 2023	31. maí 2023
Fræðslumál, kafli 10	1. nóvember 2023	31. desember 2023

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaganna liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

**Viðauki við samkomulag
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjúkraliðafélags Íslands
hins vegar
dags. 3. apríl 2023**

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í vaktavinnu, hjá þeim stéttarfélögum sem um það sömdu í síðustu kjarasamningum.

Greinar 1.6.1 og gr. 1.6.2 breytast frá 1. apríl 2023 og verða svohljóðandi:

1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00	mánudaga - fimmtudaga
55,00%	kl. 17:00 - 24:00	föstudaga
65,00%	kl. 00:00 - 08:00	þriðjudaga - föstudaga
55,00%	kl. 08:00 - 24:00	laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
75,00%	kl. 00:00 - 08:00	laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00	stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00	mánudaga - fimmtudaga
45,00%	kl. 17:00 - 24:00	föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 08:00	mánudaga
33,33%	kl. 00:00 - 08:00	þriðjudaga - föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 24:00	laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00	stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

Grein 2.6.10 breytist frá 1. apríl 2023 og verður svohljóðandi:

2.6.10 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar

Am

SDF

tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	374.714	384.082	393.450	402.818	412.185	421.553	430.921	440.289	449.657
02	381.694	391.236	400.779	410.321	419.863	429.406	438.948	448.490	458.033
03	388.674	398.391	408.108	417.825	427.541	437.258	446.975	456.692	466.409
04	395.954	405.853	415.752	425.651	435.549	445.448	455.347	465.246	475.145
05	402.234	412.290	422.346	432.402	442.457	452.513	462.569	472.625	482.681
06	408.827	419.048	429.268	439.489	449.710	459.930	470.151	480.372	490.592
07	415.420	425.806	436.191	446.577	456.962	467.348	477.733	488.119	498.504
08	422.343	432.902	443.460	454.019	464.577	475.136	485.694	496.253	506.812
09	429.265	439.997	450.728	461.460	472.192	482.923	493.655	504.386	515.118
10	436.535	447.448	458.362	469.275	480.189	491.102	502.015	512.929	523.842
11	443.804	454.899	465.994	477.089	488.184	499.280	510.375	521.470	532.565
12	451.437	462.723	474.009	485.295	496.581	507.867	519.153	530.438	541.724
13	459.069	470.546	482.022	493.499	504.976	516.453	527.929	539.406	550.883
14	467.084	478.761	490.438	502.115	513.792	525.470	537.147	548.824	560.501
15	475.098	486.975	498.853	510.730	522.608	534.485	546.363	558.240	570.118
16	484.050	496.151	508.252	520.354	532.455	544.556	556.657	568.759	580.860
17	493.193	505.523	517.852	530.182	542.512	554.842	567.172	579.502	591.831
18	502.793	515.363	527.933	540.503	553.072	565.642	578.212	590.782	603.352
19	512.392	525.202	538.012	550.822	563.632	576.441	589.251	602.061	614.871
20	522.472	535.534	548.595	561.657	574.719	587.781	600.843	613.904	626.966
21	532.551	545.865	559.179	572.493	585.806	599.120	612.434	625.748	639.061
22	543.136	556.714	570.293	583.871	597.450	611.028	624.606	638.185	651.763
23	553.721	567.564	581.407	595.250	609.093	622.936	636.779	650.622	664.465
24	564.833	578.954	593.075	607.196	621.317	635.437	649.558	663.679	677.800
25	575.565	589.954	604.343	618.733	633.122	647.511	661.900	676.289	690.678
26	586.078	600.730	615.382	630.034	644.686	659.338	673.990	688.642	703.294
27	594.869	609.741	624.613	639.485	654.356	669.228	684.100	698.972	713.843
28	607.688	622.880	638.072	653.265	668.457	683.649	698.841	714.033	729.226
29	619.842	635.338	650.834	666.330	681.826	697.322	712.818	728.314	743.810
30	632.239	648.045	663.851	679.657	695.462	711.268	727.074	742.880	758.686
31	644.883	661.005	677.128	693.250	709.372	725.494	741.616	757.738	773.860
32	657.781	674.226	690.670	707.115	723.559	740.004	756.448	772.893	789.337
33	670.937	687.710	704.484	721.257	738.030	754.804	771.577	788.351	805.124
34	684.355	701.464	718.573	735.682	752.791	769.900	787.009	804.118	821.227
35	698.043	715.494	732.945	750.396	767.847	785.298	802.749	820.200	837.651
36	712.003	729.803	747.604	765.404	783.204	801.004	818.804	836.604	854.404
37	726.955	745.129	763.303	781.477	799.651	817.825	835.999	854.173	872.347
38	742.412	760.972	779.533	798.093	816.653	835.213	853.774	872.334	890.894
39	758.544	777.508	796.471	815.435	834.398	853.362	872.326	891.289	910.253

AM

SDF